



# Meistaramót Keilis 2022

## Staðarreglur

- Vallarmörk** eru hvítar stikur, brúnar stikur með hvítum toppi og hvítar línur. Einnig gildir að:
  - Í Hrauninu (holur 1-9) afmarkast völlurinn af innstu brún malbikaðra vega og stíga umhverfis völlinn, þar sem vallarmarkastikur eru ekki fyrir hendi. Aðliggjandi grjótkambur er hluti vallar. Grjót sem losnað hefur úr kambinum er lausung.
  - Við 9. holu afmarkast völlurinn vinstra megin af vallarmarkastikum, innri brún malbikaðs stígs við bílastæði, innri brún vegar eða kantsteina upp brekkuna og þaðan í stiku við 10. teig.
  - Á Hvaleyrinni (holur 10-18) afmarkast völlurinn af sjávarbökkum (samhangandi grasbökkum) þar sem vallarmarkastika og -lína nýtur ekki við.
  - Við 13. holu afmarkast völlurinn hægra megin af vallarmarkastikum frá golfskála að vörðu við teiga, þaðan í innri malbiksbrún við Miklaholt og að vallarmarkastikum umhverfis flötina. Aðliggjandi grjótkambur við Miklaholt er hluti vallar. Grjót sem losnað hefur úr kambinum er lausung.
  - Við golfskála hjá 18. flöt afmarkast völlurinn af vallarmarkastikum aftan við flötina, hornstiku við bílastæði, hellulögn og innri brún göngustígs að hvítri línu, þaðan í stiku við æfingaflöt og í stiku við vesturhorn bílastæðis.
- Eftirtalið er hluti vallar:**
  - Allir grjótgærðar og grjóthleðslur (*athugið að ekki má fjarlægja steina úr grjótgörðum*).
  - Mannvirkjaleifar neðan við 11. flöt og aftan við teiga á 12. holu.
  - Malarvegur meðfram grjótgærði á 14. holu og umhverfi hans.
- Eftirtaldir hlutir eru óhreyfanlegar hindranir (regla 16.1):**
  - Jarðfastir steinar og berar klappir, á snöggslegnu svæði á almenna svæðinu.
  - Ofanáliggjandi vatnslagnir, vatnskranar og vökvunarbúnaður.
  - Fjarlægðarstikur, vegvísar og brautarmerkingar, ásamt uppróti og mól umhverfis þær.
  - Upprót og skemmdir af völdum ökutækja við jaðra malbikaðra stíga á 10., 11. og 18 holu eru hluti stígsins.

*Ath.: Miðunarstangir og lágar girðingar til að stýra umferð við flatir og teiga eru hreyfanlegar hindranir og má því hreyfa, vítalaust.*
- Bannreitur innan grundar í aðgerð aftan við 10. flöt.** Eftirfarandi gildir um framkvæmdasvæðið:
  - Svæðið er bannreitur innan grundar í aðgerð og markast af blá-hvítri línu og/eða blá-hvítum hælum.
  - Taka verður vítalaus lausn frá truflun vegna bannreitsins, samkvæmt reglu 16.1f eða með því að láta bolta falla vítalaust á fallreit sem er hægra megin aftan við 10. flötina. Lausnarsvæði er ein kyflulengd frá skiltinu sem merkt er „Fallreitur“.**

*Ath.: Blá lína sem nær frá göngustíg hægra megin við 10. flötina og inn á 11. brautina hefur enga merkingu m.t.t. golfreglnanna. Línan auðkennir eingöngu tilvonandi framkvæmdasvæði.*
- Upprót vegna gerðar nýrra teiga neðan við 17. flöt er grund í aðgerð, þótt ómerkt sé.**
- Færslur.** Þegar bolti leikmanns liggur innan almenna svæðisins og þar sem gras er slegið í brautarhæð eða neðar má leikmaðurinn taka vítalaus lausn einu sinni áður en högg er slegið með því að færa boltann innan einnar kyflulengdar þaðan sem boltinn liggur (regla 14.1), þó ekki nær holunni og ekki utan almenna svæðisins. Þegar lausn er tekin skv. þessari reglu verður leikmaðurinn að velja stað til að leggja boltann og fara eftir aðferðum við að leggja bolta aftur skv. reglum 14.2b(2) og 14.2e.
- Dæmi leikmaður bolta sinn óslánlegan þegar hann leikur 2., 3., 5. eða 15. holu** má hann, til viðbótar valkostum í reglu 19, láta bolta falla gegn einu vítahöggi á fallreiti sem staðsettir eru á viðkomandi holu. Staðsetning fallreitanna er auðkennd með skiltum sem merkt eru „Fallreitur“. Lausnarsvæði er ein kyflulengd frá viðkomandi skilti. **Þó má ekki nýta fallreit ef skiltið sem auðkennir fallreitinn er nær holunni en boltinn sem er dæmdur óslánlegur.**

*Ath.: Ekki er leyfilegt að fara að samkvæmt þessari staðarreglu ef bolti týnist eða er út af. Einn fallreitur er á hverri holu, nema að á 5. holu eru þeir tveir.*
- Samskeyti og jaðrar skorinna grasþakna.** Fyrirmynd staðarreglu F-7 er í gildi.